



Sunnuhlíð

Byggingar

Bæjarráð Kópavogs,
b.t. bæjarstjóri,
Ásdís Kristjánsdóttir,
Bæjarskrifstofur Kópavogs, Stjórnsýslusvið
Digranesvegur 1, 200 Kópavogur

Erindi: Ósk um flýtingu á afhendingu á endurkeyptum íbúðum Sunnuhlíðar

Eins og bæjarstjóra og bæjarráði er kunnugt keypti Kópavogsbær nokkrar íbúðir af Sunnuhlíðarsamtökunum í fjárhagskreppunni. Stjórn samtakanna verður ævarandi þakklát Kópavogsbæ fyrir hinn mikla og góða stuðning sem hann veitt samtökunum á þessum erfiðu tímum með því að kaupa af samtökunum íbúðir þegar fjárhagsstaða þeirra var bágborin.

Fjárhagsstaða Sunnuhlíðarsamtakanna hefur stöðugt verið að eflast, svo í september 2021 óskuðu samtökin eftir því við bæjarráð að endurkaupa sex íbúðir í fjöleignarhúsi samtakanna að Kópavogsbraut 1b, sem Kópavogsbær keypti.

Bæjarráð samþykkti að endurselja samtökunum sex íbúðir að Kópavogsbraut 1B og var ritað undir Kaupsamning og afsal 25. maí 2022. Kaupverð var staðgreitt að fullu við undirritun kaupsamnings/afsals. Samhliða var gert samkomulag milli Húsnæðisnefndar Kópavogs og Sunnuhlíðarsamtakanna, en 1.gr. hljóðar svo: „Aðilar eru sammála um að húsaleigusamningar Húsnæðisnefndar Kópavogs við leigjendur að íbúðum að Kópavogsbraut 1B haldi gildi sínu.“ Í 4. gr. segir: „Húsnæðisnefnd hefur rétt til að úthluta íbúðunum til næstu fimm ára eða til 1. júní 2027...“


Nú er leigjandi, á vegum Kópavogsbæjar í íbúð 235, sem er ein af þessum sex íbúðum, farinn á öldrunarheimili og ljóst er að hann kemur ekki aftur í íbúðina. Sunnuhlíðarsamtökin óska því eftir að fá íbúðina afhenta núna, þó ekki séu liðin 5 ár frá samkomulaginu. Mikill skortur er á íbúðarformi eins og rekið er af Sunnuhlíðarsamtökunum og nú eru yfir 170 á biðlista eftir að komast í íbúðir á vegum samtakanna.

Það er von stjórnar Sunnuhlíðarsamtakanna að bæjarstjóri og bæjarráð komi til móts við þessa ósk samtakanna og afhendi þeim íbúðina sem þegar er laus. Íbúar í íbúðum Sunnuhlíðarsamtakanna gera íbúðarréttarsamninga við samtökin og virðist þetta form henta eldra fólki sérlega vel. Flestir sem búa í íbúðum Sunnuhlíðarsamtakanna eru eldri Kópavogsbúar sem vilja komast í öruggt skjól á efri árum. Það er von stjórnar Sunnuhlíðarsamtakanna að við getum boðið fleiri eldri Kópavogsbúum að njóta þessa íbúðarforms.


Afrit sent:
Bæjarráði Kópavogs,

Kópavogur, 30. september 2023.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Sunnuhlíðarsamtakanna,


Gunnsteinn Sigurðsson, formaður,


Kristján Gíslason, gjaldkeri,


Sigurros Þorgrímsdóttir, ritari.